



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Tanntæknir - tanntæknabraut

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Dental assistant

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- sér um móttöku, símsvörun og tímapantanir
- heldur utan um sjúkrasögu viðskiptavina og býr þá undir aðgerðir
- undirbýr tannlæknastofur fyrir aðgerðir, aðstoðar tannlækni við aðgerðir, m.a. með „fjögurra handa tannlækningum“ og gengur frá að loknum vinnudegi
- er fær um að taka til áhöld og fyllingar sem nota þarf við aðgerðir, efni í afsteypur o.fl.
- sér um sóttþreinsun/dauðþreinsun á tannlæknastofum, þar á meðal áhöld og búnað
- undirbýr, tekur röntgenmyndir og framkallar
- aðstoðar við að lakka tennur með flúor og tekur þátt í að veita fræðslu/leiðbeiningar um rétta tannhirðu
- hefur góða almenna tölvukunnáttu sem nýtist í starfi
- er fær um að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og getur forgangsraðað verkefnum eftir því sem við á
- býr yfir góðri samskiptafærni, sýnir siðferðisþroska og gætir þagmælsku í störfum sínum
- þekkir lög og reglugerðir sem starf hans heyrir undir og fylgir þeim í daglegu starfi
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Tanntæknar starfa ýmist á almennum tannlæknastofum eða hjá tannlækni sem sérhæfir sig í barnatannlækningum, kjálkaskurðlækningum, tannréttingum eða tannholdslækningum. Þeir aðstoða við aðgerðir, sjá um bókun sjúklinga, sjá um sjúkraskýrslur og birgðahald á tannlæknastofu. Rétt til starfa sem tanntæknar hafa þeir sem leyst hafa til sín leyfisbréf sem landlæknir gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 2. þrep – EQF 3. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Viðbótarnám til stúdentsprófs	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og reglugerð um menntun, réttindi og skyldur tanntækna til að hljóta starfsleyfi nr. 1122/2012.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er tvö og hálf ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í þrjár annir, námstími samtals 54 vikur að próftíma meðtöldum. Tveggja anna starfsþjálfun með bóklegu ívafi við Tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is